

Ed.

224. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. — Ríkisstjóri veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

2. gr.

Borgardómari fer með einkamál (sbr. þó 4. gr.), þar á meðal formennsku dóma í fasteignamálum, borgaralega hjónavigslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, og úrskurðun fátækramála.

3. gr.

Borgarfógeti fer með fógetagerðir, uppboð, skiptamál, veðmálabókahald, skráning firma og félaga, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi og alþingiskosningar.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrá sam gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

4. gr.

Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

5. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn (sbr. þó 4. gr.), strandmál, útlendinga-
effirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

6. gr.

Tollstjóri hefur forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

7. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

8. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

10. gr.

Borgardómari, borgarfégeti, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð, um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

11. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf varðandi embættin, eftir því sem nauðsyn krefur.

12. gr.

Með lögum þessum falla eftirtalin lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Lög nr. 35 2. nóv. 1914, 8. gr., um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur; lög nr. 35 20. júní 1923, 1. og 2. gr., um breyting á sömu lögum, svo og önnur þau ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.